FÖSTUDAGSMOLINN

ÞRETTÁNDINN

Fram til ársins 1770 hvíldi á þrettándanum helgi og var hann almennur frídagur en það ár var hann afhelgaður, sem og þriðji í jólum, þriðji í páskum og þriðji í hvítasunnu, sem einnig höfðu verið helgi-og frídagar, þar sem konungi fannst íslensk alþýða hafa of mikið af almennum frídögum. Við það minnkaði mikið allt tilstand á þessum degi.

Um þjóðtrú tengda þrettándanum gildir flest hið sama og um nýársnótt, meðal annars að selir fari úr hömum sínum, kirkjugarðar rísa, álfar flytjast búferlum og kýr tala mannamál. Hættulegt gat verið að hlusta á tal kúnna því þær reyndu að æra þá sem það gerðu.

FRAMUNDAN

Mánudagur 9. janúar

Matseðill: Fiskibollur, kartöflur, karrý grjón, salat og grænmeti.

- Kóræfing í hádeginu.

Þriðjudagur 10. janúar

Matseðill: Slátur, kartöflur, rófur og hvít sósa. rauðkál, salat og grænmeti.

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.
- Rafrænn fyrirlestur kl 20:00

Miðvikudagur 11. janúar

Matseðill: Steiktur fiskur (þorskur), kartöflur, ofnbakað grænmeti, salat og lauksmjör.

- Bekkjarþing á miðstigi 12:30-13:30

Fimmtudagur 12. janúar

Matseðill: 6. bekkur hefur valið hamborgara og franskar.

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 13. janúar

Matseðill: Hakk súpa, (lamb og nautahakk) ostur, snakk, sýrður rjómi, brauð og álegg.

Bekkjarþing á miðstigi verður haldið 11. janúar kl 12:30-13:30.
Þingið að þessu sinni mun fjalla um samfélagsmiðla og tölvuleiki. Þar munu nemendur og foreldrar ræða saman um ábyrga notkun þessara miðla og hvað ber að varast. Við hlökkum til að taka á móti ykkur enda finnst okkur alltaf svo gaman að fá foreldra með okkur í alla vinnu.

13.- 14. febrúar er vetrarfrí.
Hvað ætlið þið að gera þá?

Rafrænn fyrirlestur

Fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna

10. janúar kl 20:00. Fyrirlesari er Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar.

Tilkynningum um kynferðisofbeldi gegn börnum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum á Íslandi.
Stafrænt kynferðisofbeldi hefur haft mikil áhrif þar á og í ljós hefur komið að bæði er ungt fólk að brjóta hvert á öðru en einnig eru fullorðnir að brjóta á börnum og unglingum í gegnum stafræna miðla.
Aðgengi að ungu fólki er afar auðvelt í gegnum netið og samskiptamiðlana og því er mikilvægt að börn þekki bæði hættur og helstu bjargráð en einnig að hinir fullorðnu séu meðvitaðir og ávallt á varðbergi.

Í þessu erindi verður farið yfir stöðu þessara mála í dag og rýnt í tengsl á milli klámvæðingar og kynferðisofbeldis. Rætt verður um mikilvægi alhliða kynfræðslu, foreldrasamvinnu og hvar bjargir og úrræði er að finna.

HÚNAÞING VESTRA

SKRÁNING Á FYRIRLESTURINN ER Á HEIMSÍÐUNNI OKKAR

ÆFINGAR FYRIR SÖNGVARAKEPPNINA ERU AÐ FARA AF STAÐ. HÚN VERÐUR HALDIN 18. JANÚAR. TAKIÐ DAGINN FRÁ

JANÚAR Í ORÍON

MIÐSTIG

- 4. janúar — Opið hús
- 11. janúar — Spil og leikir
- 18. janúar — Fooseball mót
- 25. janúar — Nammidagur

UNGLINGASTIG

- 3. janúar — kósý kvöld
- 5. janúar — Spilað á 52 spil
- 10. janúar — Leikir í boði kjúklingaráðs
- 12. janúar — Ísland - Portúgal
- 17. janúar — Opið hús - fá leyfismiða fyrir hryllingsmynd
- 19. janúar — Hryllingsmynd
- 24. janúar — Pictionary
- 26. janúar — Borðtennismót

Starfsdagur
16. janúar
Viðtalsdagur
17. janúar

12. JANÚAR ÍSLAND – PORTÚGAL KL.19.30
14. JANÚAR ÍSLAND – UNGVERJALAND KL.19.30
16. JANÚAR ÍSLAND – SUÐUR KÓREA KL.17.00

2023